



Álagning fasteignaskatts:

A-hluti fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,50% af hús- og lóðarmati

A-hluti fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 0,50% af hús- og lóðarmati

B-hluti fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati

C-hluti fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,6% af hús- og lóðarmati

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,31% af hús- og lóðarmati

Holræsagjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,285% af hús- og lóðarmati

Lóðarleiga fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamatí lóðar, fyrir ræktunarlóðir 6.400 kr. á hektara, að lágmarki 8.550 kr.

Sorpgjöld: Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 20.900,-

Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 20.900,-

Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 20.900,-

Reglur um afslátt fasteignaskatts 2017.

1. gr.

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduóssbæ 1. desember 2016.

2. gr.

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 53.000,-

4. gr.

Tekjumörk á árinu 2017 eru:

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 2.700.000 fá 100% afslátt.

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 3.300.000 fá 0% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 3.900.000 fá 100% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að..... kr. 4.900.000 fá 0% afslátt.

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

5. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur. Við andlát maka styrkir sveitarsjóður eftirlifandi um sömu upphæð og nemur útreiknaðum afslátti ársins.

6. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vélrænt á vef Ríkisskattstjóra www.rsk.is í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.

7. gr.

Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

8. gr.

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til skrifstofu Blönduóssbæjar eigi síðar en 1. júní 2017.

Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 20.000,- eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september & 1. október. Gjaldldagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 20.000,- er 15. maí. Hægt er að óska eftir því að greiða öll gjöld á einum gjalddaga sem er 15. maí. Sækja þarf um gjalddagabreytingu á bæjarskrifstofu fyrir 15. febrúar 2017. Eindagi gjalddaga eru 30 dagar.

Álagningarseðlar eru rafrænar og eru aðgengilegir á www.island.is. Greiðsluseðlar birtast í heimabanka viðskiptavina. Hægt er að óska eftir útprentuðum álagningarseðli og greiðsluseðli og er hann sendur þeim sem þess óska. Frekari upplýsingar um álagninguna er hægt að fá á skrifstofu Blönduóssbæjar eða í síma 455 4700.

Eftirfarandi gjaldskrá var tekin fyrir og samþykkt á fundi sveitarstjórnar Blönduóssbæjar 6. desember 2016.

Sveitarstjórinn á Blönduósi, 15. janúar 2017

Arnar Þór Sævarsson